



Reykjavíkurborg

## Ábyrgð á eigin námi



Anna María K. Þorkelsdóttir og Ágúst Benediktsson

## Efnisyfirlit

1. Inngangur
  2. Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd
  3. Samantekt - Niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra
  4. Mat á verkefninu
  5. Greinargerð um notkun styrkfjár
  6. Kynning
- Heimildir
- Fylgiskjöl

## 1. *Inngangur*

Sagt frá markmiðum verkefnisins og aðdraganda þess.

Markmið verkefnisins “Að bera ábyrgð á eigin námi” byggir á hugmyndinni um að nemendur eigi að hafa eitthvert val um hvernig og hvar þeir læri. Nokkrir kennarar í Hólabrekkuskóla hafa mjög góða reynslu af notkun Moodle ([netnam.reykjavik.is](http://netnam.reykjavik.is)) í sinni kennslu og sóttu um styrk til að dreifa því góða efni sem þeir áttu og vildu þróa áfram til að það gæti nýst fleirum notendum af námsvefnum.

Einnig var hugmyndin að nemendur sem eiga ekki auðvelt með að sækja í skólana út af ýmsum orsökum geti haft aðgang að sama námsefni og þeir sem mæta í skólann og þannig eiga möguleika á því að halda í samnemendur að einhverju eða öllu leiti.

Netnámssíður geta líka hjálpað til þar sem upp kemur sú staða að nemendur eigi ójafnan aðgang að námi, t.d. í litlum skólum þar sem vantar faggreinakennara.

## 2. *Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd*

2.1 Verkefnið samanstendur af þremur áföngum. Einum sem byggir á stærðfræði fyrir unglingastig, einum sem byggir á dönsku í þematengdu námi og þeim þriðja sem byggir á stöðvavinnuverkefnum í dönsku í unglingadeild.

2.2 Talsvert hefur verið spurt um og leitað eftir fyrirmyndum eða bönkum sem hægt væri að sækja efni sérstaklega fyrir nýja notendur að Moodle síðu Reykjavíkurborgar. Áfangar eins og hér er talað um eru fullir af fjölbreyttu efni sem hægt er að endurnýta, breyta eða nota og gefa hugmyndir um hvað er mögulegt í þessu kerfi.

2.3 Anna María vann báða dönskuáfangana. Ágúst vann stærðfræðiáfangann. Reglulegir fundir voru haldnir til að fara yfir skipulagið, talsvert af tölvupósti fór á milli en að öðru leyti var efnið unnið utan vinnutíma kennaranna á löngu tímabili.

### 3. *Samantekt - niðurstöður eða gagnsemi fyrir aðra*

Hver er reynslan af verkefninu á viðkomandi starfsstað/starfsstöðum og hvernig getur hún nýst öðrum?

Það er reynsla okkar að opnir Moodle áfangar geta eflt notkun námsvefja. Um leið og kennarar fá í hendur tæki og tól sem létta þeim innleiðingu á nýjum stefnum, þá er auðveldara að koma sér af stað. Það er líka algjör óþarfi að allir þurfi að finna upp hjólið. Á þennan hátt er hægt að byrja hægt og byggja svo ofan á með eigin efni /viðbótum.

### 4. *Mat á verkefninu*

Ekkert sérstakt mat hefur farið fram á notkun þessarar áfanga, á annan hátt en í eigin kennslu þeirra sem gerðu þetta verkefni. Við myndum aldrei snúa til baka til fyrri kennsluhátta þar sem notkun á námsvefnum hefur gert starf okkar mun skilvirkara og auðveldara fyrir nemendur. Það hefur gert okkur kleift að uppfylla mun betur kröfur um “einstaklingsmiðað nám” og “skóla án aðgreiningar”. Nemendur fá aðgang að efni til að þjálfra þá þætti sem þeir þurfa frekari þjálfunar í. Þeir fá góða yfirsýn yfir verkefni vetrarins og geta farið eins hratt og þeir vilja/þurfa í gegnum námsefnið. Einnig er hægt að búa til hópa sem fá lengri skilátíma eða próftíma en aðrir nemendur. Kennarar eru ekki lengur að eyða löngum tíma í yfirferð á krossaprófum, eyðufyllingum eða öðru álíka, því að forritið sér um þá vinnu. Og það mikilvægasta er að nemendur fá strax að vita hver staða þeirra eða geta í áfanganum er.

### 5. *Greinargerð um notkun styrkjár*

Styrkurinn var launagreiðsla fyrir þá vinnu sem innt var af hendi.

### 6. *Kynning*

Anna María hefur kynnt Moodle í nokkrum skólum, á Menntabúðum og í heimsóknum hingað og þangað um landið. Einnig eru reglulegar kynningar í skólanum um gagnsemi forritsins. Nú þegar eru nokkrir skólar að nota efni sem búið hefur verið til fyrir dönsku í Hólabrekkuskóla í Moodle og á haust ráðstefnu Reykjavíkurborgar hefur þátttakendum verið kynntur vefurinn sem og allt opið efni hans.

### *Heimildir*

Engar sérstakar heimildir

Reynt hefur verið í stærðfræðinni að nýta sérstaklega efni námsvefjar Menntamálsstofnunar eins og hugtakalista og vendikennslu sem allir hafa aðgang að.

## Fylgiskjöl

Verkefnið er að finna á meðfylgjandi slóð:

<http://moodle16.reykjavik.is/course/index.php?categoryid=30>

Þemaverkefni - áfangi 1 - danska

Áfanginn byggir á þemaverkefnum yfir veturinn - dæmi um innihald:

The screenshot shows a Moodle course page for 'Danska' (Danish). The page has a dark header with the course name 'Danska' and a user profile for 'Anna Maria Þorkeldsdóttir'. The main content area is divided into three columns. The left column contains a 'PÆTTIR' (Topics) section with a list of topics: '5', '10', '15', '20', '25', '30', '35', and '40'. The middle column contains a 'Velkomin í fjárnámsáfangi í dönsku fyrir 9. bekk' (Welcome to the online course in Danish for 9th grade) section with a photo of a harbor scene. Below this is a '24. ágúst - 30. ágúst' (August 24 - August 30) section with a description of the course and a 'Kynning á ykkur sjálfum - umræðuvefur' (Introduction to yourselves - discussion forum) link. The right column contains a 'MIKILVÆGR TENGILAR' (Important links) section with links to 'Orðabókin' (The dictionary) and 'Spellschecker' (Speller). Below this is a 'MÁLFRÆÐI' (Grammar) section with links to 'Lýsingarorð - reglur' (Nouns - rules), 'Nafnorð - reglur' (Pronouns - rules), 'Sagnorð - reglur' (Verbs - rules), and 'Spurnarorð - formln' (Interrogatives - forms). At the bottom right is a 'LEITA Í UMRÆÐUM' (Search in discussions) section with a search bar and an 'OK' button.

Mynd 1: Nemendur kynna sig og sjá bjargir á netinu sem hjálpa þeim í náminu.

Netskólinn Íslenska (is) Anna María Þorkelsdóttir

**Mannlýsing**  
Veljið dagsetninguna hér fyrir ofan til að sjá verkefni.  
Þemað er unnið á þremur vikum. - Þetta er vika 1.  
Farið vel yfir öll verkefni, lýsingar og annað sem fylgja þessum tengli.

- Verkefnalýsing og hæfnivæðing
- Glósuðlisti - Líkaminn
- Líkaminn - könnun á orðaforða
- Textar fyrir orðaforða tengdum líkamanum

**7. september - 13. september**  
Vika 2 í verkefni 1. Fjölskylduorð. Veljið dagsetninguna til að sjá verkefni.

- Glósuðlisti fjölskylduorð
- Glósuðlisti fyrir áhugamál
- Hlustunaræfing
- Málfræðiverkefni - lýsingarorð
- Dansk her og nu - familien - gagnvirk æfing

**14. september - 20. september**  
Vika 3 í verkefni 1. Veljið dagsetninguna hér fyrir ofan til að sjá verkefni. Athugið að þið verðið að halda tengið minnst 8,0 í einkunn í könnunarprófi í viku 1 til að sjá lokapróf úr þessu þema. Þið megið taka könnunarprófið (sem er í fyrstu viku mann lýsingarþemans) eins oft og þið þurfið.

- Málfræðiverkefni - lýsingarorð 2
- Dansk her og nu - Bolig - gagnvirk æfing
- Mál - merkið við áður en þið klárið þemað

**Fjörn-ur** (er með fullt af gagnvirkum málfræðingum og einhverja leiki). Sé síðan of viðamikil er hægt að nálgast ástöð hér.

LEITA Í UMRÆÐUM

GAGNLEGIR OG SKEMMTILEGIR TENGLAR

Hér er að finna tengla sem er fróðlegt og kannski skemmtilegt að skoða.

Tungumálanám er mjög gagnlegt heilanum og hér er útskýrt af hverju:

Nia Níacamlí - How speaking.....

**NÝJAR FRÉTTIR**  
Nýtt umræðuefni...  
(Engar fréttir)

**Á NÆSTUNNI**  
Engir viðburðir á döfinni

Fara í dagatal...  
Nýr viðburður...

Mynd 2: Fyrsta verkefni vetrarins, nemendur vinna með orðaforða tengdum líkama, fjölskyldu og áhugamálum. Innan verkefnisins er eitt próf sem nemendur verða að fá 8 á til að próf úr efninu opnar. Þetta er gert til að tryggja að nemendur hafi tileinkað sér viðeigandi orðaforða áður en þeir taka próf í verkefninu. Einnig er þarna hlustunarverkefni, glósuðlistar og málfræðiverkefni.

Netskólinn Íslenska (is) Anna María Þorkelsdóttir

**21. september - 27. september**  
Þema 2 - Dönsk tónlist  
Vika 1  
Þið hafið þrjár vikur til að klára þetta verkefni auk gagnvirkra æfinga sem hér fylgja. Veljið ykkur danskan tónlistarmann eða hjónsveit og finnið texta við lag eftir vöðumandi. Hér fyrir neðan er listi yfir nokkra danska listamenn sem þið getið skoðað á Youtube. Sendið til kennara myndband þar sem þið kynnið tónlistarmanninn ykkar og segið frá hvað texti lagsins fjallar um (að sjálfsögðu á dönsku). Notið síðu til að breyta youtube texta í mp3 hjóðskjal (t.d. <http://www.youtube-mp3.org/>). Svarið spurningum um tónlistarmennina fjóra sem hér er skrifab um og svo takið þið próf úr þeim textum þegar þið eruð búnir með öll verkefni þemans.

- Verkefnalýsing og hæfnivæðing
- Upplýsingar um nokkra danska listamenn - af Wikipedia
- Dönsk lög - útlagsstöð
- Glósuðlisti - Tónlist
- Lestexti um Joe Moe úr blaðinu Vi unge
- Verkefni 1. Joe Moe spurningar úr texta

**28. september - 4. október**  
Vika 2 í verkefni 2. Leysið eftirfarandi verkefni.

- Samræmt hlustunarpróf 2006
- Gagnvirkar upplýsingar um hjóðferi - veljið musík og instrumenter
- Lestexti um Sys Bjerre úr blaðinu Vi unge
- Verkefni 2. Sys Bjerre - spurningar úr texta
- Stutt ritun 1 - fyrir lok september

Skið verkefni 1.A og 1.B.  
1. A. Skrifðu 100 orð á dönsku um eitthvað tengt tónlist í tölu og vísitö. Þið ráðið

**SKILABOD**  
Engin skilaboð bið

**CALENDAR**  
april 2016


| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim | Fös | Lau |
|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
|     |     |     |     |     | 1   | 2   |
| 3   | 4   | 5   | 6   | 7   | 8   | 9   |
| 10  | 11  | 12  | 13  | 14  | 15  | 16  |
| 17  | 18  | 19  | 20  | 21  | 22  | 23  |
| 24  | 25  | 26  | 27  | 28  | 29  | 30  |

**VIÐBURÐALYKILL**  
Hide global events  
Hide course events  
Hide group events  
Hide user events

**NETORDABÆKUR**  
islex.hi.is  
snara.is - (árgjald)  
ordabok.is - (árgjald)  
Dönsk-íslensk orðatilbæki  
frasar.net

**SKIPULAG**  
Skipulag verkefna í 10. bekk

Mynd 3: Verkefni 2 - dönsk tónlist. Nemendur vinna með verkefni um danska tónlistarmenn og skila inn skapandi verkefni í lokin. Nemendur lesa texta og svara gagnvirkum spurningum. Hér er verið að kynna danska listamenn og um leið auka orðaforða og vinna með rauntexa þar sem þeir eru teknir úr dönsku unglingablaði Nemendur skila stuttum ritunarverkefnum 7 sinnum yfir veturinn og hér eru fyrstu skil og upplýsingar um fyrsta verkefnið. Tilgangurinn með þeim er að að þjálfar nemendur í ritun með eigin orðum (oft um efni sem tengist þeim persónulega) og þjálfar þá í að skila verkefnum á réttum tíma.



Netskólinn íslenska (is) Anna María Þorkelsdóttir

19. október - 25. október

Ferðabæklingur

**Ad eller af?**

Granguleren løb ud ad døren og frak pistolen op af tasken.

ad: lange med gennem  
af: en brage  
viske fra tasken

1. Lysing á vinnu í þemaverkefni 3 ☐

3. Glóðulati fyrir ferðabæklingaverkefni ☐

4. Ad og af æfing (sjá myndband -meið til einkunnar) ☐

5. Ferð - Könnunarpróf (ná taka þrisvar - meið til einkunnar) ☐

26. október - 1. nóvember

6.1 Dansk her og nu - Transport ☐


Athugið að öll verkefni með efninu eru í tenglum hægra megin á síðunni.

6.2 Dansk her og nu - Stöðbreyting lýsingarorða ☐

Veljið verkefni 1-3 til að æfa ykkur fyrir prófið (sjá hægra megin á síðunni)

7. Lögfræði - Stöðbreyting (meið til einkunnar) ☐

Mynd 4: Í áfanganum eru tenglar á myndbönd sem danir hafa sett inn til að kenna málfræðiatriði og svo stutt verkefni sem nemendur leysa eftir að hafa hlustað.



Mynd 5: Munnlegt dönskupróf er í áfanganum. Nemendur hlusta á kennara lesa stutt ljóð, æfa sig í framburðinum með því að taka sig upp og hlusta. Þegar þeir eru sáttir við eigin framburð, senda þeir upptökuna inn. Upptökutækið er innbyggt í kerfið en nemendur geta líka sent inn upptökur úr eigin tækjum.



Netskólinn

Íslenska (is)

Anna María Þorkelsdóttir

Síða

Stillingar

## 11. apríl - 17. apríl

Fréttapáttur og valbókariðgerð

Samvinnuverkefni. Nemandur vinna í 4. manna hópum og búa til fréttatíma með fréttum, veðurfréttum og íþróttaréttum. Fréttirnar eiga að tengjast Danmörk og sambandi þeirra við umheiminn. Fylgist með uppbyggingu fréttar í íslenskum sjónvarpsfréttatímum og búið til 9 fyrirsnir. Fimm fréttir um almennt fréttamenn, ein veðurfrétt (veðir í DK) og þrjár íþróttaréttir um danska íþróttamenn. Þú eigist alls ekki að endurspegla fréttir sem eru í gangi, heldur búa þær til sjálf.

Að auki eigist þú að skila valbókariðgerð í lok apríl. Kröfur sem gerðar eru í sambandi við ritgerðina eru:

- Bókin sem þú lesist þarft að vera á dönsku og vera minnst 80 bls.
- Ritgerðin ykkar þarf að vera á dönsku og minnst 200 orð.
- Lýsið sögupersónum og samantekt á helstu atburðarás frá byrjun til enda.
- Byggið ritgerðina upp með inngangi, meginmáli og lokaorðum og munið að geta heimilda þ.e. nafn rithöfundar og nafn á bók, útgefanda og útgáfutár þarf að vera í lok ritgerðarinnar.

## 18. apríl - 24. apríl

Fréttapáttur - áframhaldandi vinna (Textar þýddir á dönsku)

## 25. apríl - 1. maí

Fréttapáttur - áframhaldandi vinna (Textar samdir á íslensku)

Skilategill fyrir valbókariðgerð

## 2. maí - 8. maí

Fréttapáttur - áframhaldandi vinna (upptaka og klipping)

## 9. maí - 15. maí

Mynd 6: Við lok ársins vinna nemendur að gerð valbókarritgerðar og skila í gegnum þar til gerðan skilatengil á netnáminu. Einnig vinna þeir að gerð fréttatíma. Fréttirnar eiga að tengjast Danmörk og þjálfar því menningarlæsi nemenda og sköpun þar sem þeir finna sjálf út hvernig fréttirnar eigi að vera uppbyggðar að öðru leiti.

Áfangi 2: Dönskuáfangi 2. Þessi áfangi byggir á stöðvavinnu nemenda. Dæmi:

**Ritunarverkefni**

Hér setið þú inn ritunarverkefni vetrarins sem falla undir þau skilyrði sem sett eru hér. Öðrum ritunarverkefnum er skilað á öðrum stað. Það er þrennt sem þú þurfið að uppfylla:

1. Uppfylla kröfur verkefnisins. Vanda ritun.
2. Uppfylla kröfur um skiladaga. Skiladagur er alltaf síðasti föstudagur í hverjum mánuði skólaársins (nema ágúst, desember og maí). 10 dögum eftir skiladag lokar kennari skilateglinum.
3. Áður en þú skilið verkefnum ykkar eigið þú að setja þau í gegnum leiðréttingaforrit eins og Spellchecker. Þá sjáð þú hvort að þú séuð að skrifa orðin rétt og losnið við að skila inn verkefnum sem eru með innsláttarvillum.

(Athugið að ritunarverkefni eru sett upp í "bókaforni" og þú notið örvamar til að flætta bókinni til að sjá næstu verkefni).

Litil ritunarverkefni - opnið þetta til að sjá verkefni vetrarins

- Ritun 1 - lok september
- Ritun 2 - lok október
- Ritun 3 - lok nóvember
- Ritun 4 - lok janúar
- Ritun 5 - lok febrúar
- Ritun 6 - lok mars
- Ritun 7 - lok apríl
- Ritun 8 - 15 maí

**Stöðvavinnuverkefni**

Verkefni fyrir stöðvavinnu - Athugið að stöðvar eru hannaðar til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til allra nemenda í 10. bekk í grunnskóla skv. aðalnámskrá. Önnur verkefni vetrarins eru til að auka fæmi nemenda á sömu sviðum.

- Stöð 1 - Dejlige Danmark
- Stöð 2 - Hlustunarverkefni
- Stöð 3 - Útvarpsþáttur
- Stöð 4 - Mordet på stranden
- Mordet på stranden 1. del

**Stöðvavinnuverkefni**

- Aukaefni - meira hlustunarverkefni
- Ymsar hjálparstúfur
- Aukaefni fyrir þá sem vilja auka orðaforðann
- Netblöðin - einnig fyrir aukinn orðaforða
- Tal og hlustun
- Vorverkefni
- Undirbúningur fyrir hæfnipróf að vori
- Hæfnipróf að vori
- Vöðfangsefni 30
- Minir áfangar

**Stöðvavinnuverkefni**

- Ummynda áfangar
- Íritun
- Uppsetning
- Course completion
- Notendur
- Stær
- Skýrslur
- Einkunnir
- Uppsetning á einkunnabók
- Víðmál
- Badges
- Afrita
- Endurheimta
- Flýti inn
- Gefa út
- Endurstætja
- Spurningabanki
- Gagnahisilur
- Skipta yfir i

Mynd 7: Eins og í hinum áfanganum skila nemendur inn ritunarverkefnum mánaðarlega, en í stað 7 í þeim fyrri, eru þau 8 í þessum. Þessi ritunarverkefni eru opin frá skólabyrjun og því geta nemendur unnið sér í hagin eins og þeim lystir. En kennari verður svo að loka þeim eftir að eðlilegum skilafresti lýkur. Nemendur hafa líka upplýsingar um allar stöðvar og aðgang að öllum björgum sem þeir þurfa á síðunni.

### Stöð 4 - Mord

Nemendur lesa bókina Mordet på stranden og svara spurningum sem eru í þessu verkefni. Kennari fer yfir verkefnið að því loknu og athugar hvort að nemendur hafi réttan skilning á bókinni, hafi lagt sig vel fram í verkefni og hvort að mikill metnaður sé sýnilegur. Að þremur vikum loknum taka nemendur próf. Þeir svara eftirfarandi spurningum á dönsku í tíma. Þeir undirbúa sig heima, skrifa eina blaðsíðu í aðra hvora línu, leggja það á minnið og fá autt blað í prófinu. Á það skrifa þeir allt það sem þeir muna af því sem þeir höfðu undirbúið án þess að hafa fyrri texta til hlýðjónar. Spurningarnar eru: Lýstu Tage Klausen og áhugamáli hans. Hvernig leysti Tage Klausen mordmálið?

### Stöð 6 - Grammatik

Nemendur vinna í þrjár vikur að því að leysa málfræðiverkefni og að þeim lokum taka próf í tíma. Notið síðuna ordnet.dk til að aðstoða ykkur. Kíkið einnig á reglur sem eru hér í sér tengli.

Athugið: Danska stafi á íslensku lykklaborði byrjaðir til þannig:

ø = AltO248 eða Alt155 (haldið Alt takkanum niðri á meðan þið skrifið tölur)

å = takkinn undir Esc takkanum og a

### Haustönn - Val- og heimildaverkefni

Hér er um að ræða heimildaverkefni. Athugið að þetta er ekki ritgerð þar sem þið þyrftuð að hafa inngang, meginmál og lokorð. Þið veljið sjálf það efni sem þið viljið fjalla um. Þið eigið að vitna í 5 heimildir og engin þeirra má vera Wikipedia. Að minnsta kosti ein af heimildunum á að vera bók. Þannig að ef að þið viljið fjalla um þróttarmenn er hæpið að svo mikið sé til um viðkomandi að það sé hægt að uppfylla skilyrði verkefnisins. En það er til heimildir um t.d. stríð, umfrægar persónur í heimssögunni, staði eins og vinsæla ferðamannastaði og hönnun/tísku.

Athugið að þetta á að vera ykkar texti, ekki texti sem einhver annar hefur skrifað. Ef að þið takið upp texta frá öðrum, setjið hann þá í gæslalappir og vitnið í hann í neðanmálsgrein. Texti sem fengið er að láni frá öðrum má aðeins vera um 15% af heildartexta.

Þið eigið að nota APA heimildaverkefni.

Using APA style for references and citations

**Sample References 1**

Hershey, P., & Blanchard, K. (1972).

Þættir

2 4 6 8 10 12 14 16 18 20 22

24 26 30

Netorðabækur

islex.hi.is

snara.is - (argjald)

ordabok.is - (argjald)

Dönsk-íslensk orðatiltæki

frasar.net

Skipulag

Skipulag verkefna í 10. bekk

Notið líka Námsráðgjafnaðlauna sem þið eruð stöðugt inn á hér á námsvefnum til að hjálpa ykkur við gerð ritgerða og skipulags á náminu. Skipulagning er lykilatriði til að ná langt í lífinu.

Matskvarði fyrir menningaverkefni/útfærslu (sami kvarði)

Calendar

april 2016

| Sun | Mán | Þri | Mið | Fim | Lau |
|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
|     |     |     |     |     | 3   |
| 3   | 4   | 5   | 6   | 7   | 8   |
| 9   | 10  | 11  | 12  | 13  | 14  |

Mynd8: Hér eru dæmi um hvernig áfanginn lítur út gagnvart nemendum. Þarna geta þeir unnið í verkefnum sínum á meðan þeir eru á stöðinni. Reiknað er með að hver stöð taki um 3 vikur í vinnu. Öll verkefni vetrarins eru inni á síðunni en það er alltaf val kennarans hvað sé sýnilegt nemendum á hverjum tíma. Svona nám snýst um að nemendur hafi aðgang að öllum upplýsingum og geti þannig unnið verkefnið á eigin hraða og nálgast allar bjargir þegar þeim hentar.

Skilategill fyrir val- og heimildaverkefni

### Smáverkefni - val um 20% - Haustönn

Hér eru tenglar á þau smáverkefni sem þið völduð ykkur í byrjun haustanna. Munnið að þið eigið að gera fjórum þeirra og hvert þeirra gildir 5%. Skiladagar fyrir verkefnið eru 10. október, 1. nóvember, 15. nóvember og 1. desember. En það er ykkar að skipuleggja ykkur og síðasti skiladagur er 1. desember fyrir öll verkefni.

- Stutt ritunarverkefni (ca. 200 orð um efni að eigin vali)
- Munnlegt verkefni A - Upplæstur á neti (frétt t.d.)
- Eigið lag og texti á dönsku - skilategill
- Tölur notaðar og sýndar í myndbandi - skilategill
- Kynning á verklegu verkefni á dönsku (myndband eða glærusýning með tali) - skilategill
- Kennslufni (skriflegt) um danska menningu - skilategill
- Kennslufni (sjónrænt) um danska menningu - skilategill
- Gagnvirkur lestur

### Valpróf (haustönn) - Veljið 2 af 4 prófum og leysið

Eins og með valverkefni, þá völduð þið tvö valpróf til að taka á haustönninni. Skiladagur á fyrri prófi er 1. nóvember og lokaskilafrestur á síðara prófinu eru 1. desember. En þið megið alveg byrja fyrir og klára fyrir. Þið megið bara ekki taka þessi próf eftir 1. desember.

1. Smásaga - texti með prófi
2. Munnlegt próf - dönsk kvikmynd
4. Vampyrn hjerte - textinn
4. Glóslisti með smásögunni Vampyrn hjerte

### Próf I

Prófað er úr orðaforðaskilningi, hlustun og ritun.

### Smáverkefni - vorönn

Screenshot taken

Click to view

Copy to clipboard

Mynd 9: Yfir veturinn hafa nemendur val um hvernig verkefni þeir vinna líka.

Nemendur fá val um átta möguleg verkefni en eiga aðeins að skila fjórum þeirra.

Einnig eru fjögur próf og skila nemendur tveimur þeirra. Þarna er verið að gefa nemendum tækifæri til að fá tækifæri til að þjálfá betur þætti sem þeir telja sig þurfa frekari þjálfunar við. Einnig eru nokkur verkefni einstaklingsmiðuð og því á færi hvers nemenda að leysa einhver þeirra.

vinna með

### Hæfniviðmið: Hlustun

Hér eru nokkrar æfingar sem þú getið notað til að afa ykkur í hlustun. Hlustun er eitt af hæfniviðmiðunum og því mikilvægur þáttur í ykkar námi. Athugið að verkefnið hér eru ekki metin til einkunnar og eingöngu hér til að þú getið afa ykkur.

- ☐ Lige í lommen (af vef Menntamálastofnunar)
- ☐ Dansk her og nu - Vi er her

### Hæfnimarkmið: Samskipti

Eitt af hæfniviðmiðunum eru samskipti. Til að fá A í samskiptum eru þetta kröfur. Nemandinn er mjög vel samræðuhaefur, beitr eðlilegu máli, framburði, áherslum og hrynjandi af öryggi. Eins gott að afa sig vel. Hér eru nokkrar æfingar af netinu og á hverri lotu, er upptökutengill þar sem þú ætíð ykkur að tala inn. Ég get vel hlustað á þetta hjá ykkur og sagt ykkur hvað þarf að gera betur. En þessi verkefni hér eru ekki metin til einkunnar.

- ☐ Samskiptalota 1 - að kynna einhver
- ☐ Samskiptalota 1 - óformlegt samtal
- ☐ Samskiptalota 1 - þjóðerni
- ☐ Samskiptalota 1 - Elgin upptaka

Kynnið ykkur sjálf, hvaðan þú komið, hvaða tungumál þú talað, hvað þú gerist, hvað þú heitið og segið eitthvað annað um ykkur sjálf.

### Hæfniviðmið: Ritun

Ritun er talin ein af hæfniviðmiðum aðalnámskránnar. Verkefnið hér eru ekki metin til einkunnar en ef að þú viljið að kennari fari yfir æfingarnar ykkar og gefi ykkur athugasemdir sem geta hjálpað ykkur með þennan þátt námsins, látið þá kennara vita þegar þú skráð inn verkefnum.


Skrifið 100 orða samantekt á dönsku:

1. - um það málefni sem efst er á baugi í þjóðfélaginu núna.
2. - um frábæra hjónsveit eða tónlistarmann/konu.
3. - um fatatökuna núna eða fyrr á árum/öldum
4. - um eitthvað sem tengist ferðalögum, s.s. veitingarhúsi, ferðalög erlendis eða innanlands eða annað sem ykkur dettur í hug.

Mynd 10. Vegna nýrra áherslna í námi er talið mikilvægt að nemendur geti þjálfað þá færni sem þeir telja sig þurfa að þjálfá frekar. En það á ekki alltaf að snúa um námsmat og því er að finna í áfanganum efni sem er eingöngu fyrir nemendur. Það er sem sagt búið að taka saman bjargir fyrir þá sem þeir geta notað til að þjálfá sig sjálf.



Mynd 11: Það hefur gefið góða raun að láta nemendur skila í gegnum netið munnlegum verkefnum. Þeir leggja meira á sig við framburðinn en þeir gera í viðurvist annarra nemenda eða kennara. Þarna geta þeir unnið í einrúmi og æft sig eins og oft og þeir vilja, áður en þeir skila inn verkefnum.



Skilategill fyrir handrit

### Undirbúningur fyrir hæfniþróf að vori

**Málfræði:**  
 Sagnorð - Beygingar í kennimyndum, nóbálegar sagnir og hjálparagnir  
 Nafnorð og lýsingarorð - Eintala/fleirtala, stígbreyting lýsingarorða og eignarfall  
 Töluorð, persónuformöfn, forsetningar

**Orðaforði:**  
 Gott efni er: Vikudagar, mánuðir, líkaminn, fjölskylduheit og tölur (leikir eru af vef Námsgagnastofnunar)  
 Á prófinu verður tekið sérstaklega eftir hvort að þú kunnir þær málfræðireglur sem nefndar eru hér í byrjun í allri ritun.  
 Lesið texta að eigin vali - búið til glosulista til að auka við orðaforða ykkar.

**Hæfniþróf að vori**

Viðfangsefni 30

Hjálp fyrir þessa síðu  
 Innskráð/ur sem Anna Maria Þorkelsdóttir (Útskrá)  
 This page is: General type: course. Context Áfangi: Dónskúfangi 2 (context id 56976). Page type course-view-topics.  
 Hreinsa öll skyndiminni

Mynd 12: Með áfanganum fylgja alls konar próf sem geta hjálpað kennurum að meta hæfni nemenda yfir skólaárið og í lok árs.

### Áfangi 3: Stærðfræði fyrir unglíngadeild

Áfanganum er skipt upp í 11 lotur þar sem farið er yfir rúmfræði, líkur, algebru, tölfræði, hornafræði og fjármál. Loturnar eru með mismiklu efni og nokkrar eru fyrst og fremst hugsaðar sem upprifjun á efni fyrri ára svo hægt sé að byggja ofan á það.


Stærðfræði fyrir unglingadeild

Stjórnborð ▶ Opið efni, áfangar sem öllum er heimilt að sækja sér og nýta ▶ stae\_ungl\_opid

í ritham

Fréttapungur

### 1. Lota Rúmfraði



Upprifjun og útreikningar á:

- Flatarmáli
- Yfirborðsflatarmáli
- Rúmmáli

**HJÁLPAEFNI (ALMENNT)**

Útskýringar á stærðfræðihugtökum

Reglubók

Myndbönd frá [vendikennsla.is](http://vendikennsla.is)

[rasmus.is](http://rasmus.is)

**HJÁLPAEFNI FYRIR 1. LOTU**

Útskýringar og reglur um rúmfraði í Átta-10 bók 5

Kennslumyndbönd frá [vendikennsla.is](http://vendikennsla.is) (Rúmfraði)


Myndbönd á youtube og enskur orðalisti til að leita á ensku.

Flatarmál [rasmus.is](http://rasmus.is)

Mynd 13: Með hverri lotu fylgir gátlisti, kennsluefni (áætlun og dæmi) og nokkur próf,.

Í upphafi hverrar lotu er gátlisti og hugmynd hans sú að nemendur sjái og fari yfir hugtök lotunnar ásamt því að gera sér grein fyrir stöðu sinni í efninu. Einnig gefur hann hugmyndir um markmið lotunnar.





Mynd 14: Nemendur hafa aðgang að reglubók og upplýsingum um bjargir sem geta ýtt undir frekari skilning á efninu. Með lotunum fylgir hjálparefni í ýmsu formi (hugtakalisti, glærur til útskýringa og alls konar ítarefni) sem er alltaf tiltækt hægra megin þegar nemendur vinna hverja lotu. Fyrst er hjálparefni sem á við allar loturnar en fyrir neðan kemur hjálparefni sem á við hverja lotu fyrir sig. Ástæða þess að skipta þessu svona niður er að minnka umfang þess sem nemandi þarf að leita í til að finna viðeigandi bjargir.



Netskólinn íslenska (is) Anna María Þorkelsdóttir

**2. Lota Líkur** Breyta

**Líkur** (fræðilegar- og raunlíkur)

- Óháðir atburðir
- Háðir atburðir
- Líkindaflirranir
- Líkindatré

**Gáðise 2. lota** Breyta

Þessum líta er gott að nota til að þá sjáir hvern þú komst af hugtökum og aðferðum sem eru notað í þessum líta. Þyfir lítast þú í upphafi lítastur og svo eftir þegar líkurni er lokað.

**2. lota áætlun** Breyta

Áætlun annarrar lotu, þar sem þú kemur hvaða bækur og efni er notað. Einnig er dæmasaðn sem gott er að styðjast við. Ef einhver atviki koma fyrir sem þú ert ekki örugg um á þá er nauðsynlegt að nýta sér hjálpareðnið hér til hliðar m.a. myndböndin.

**Líkur aðalatriði** Breyta

**Líkur könnun I** Breyta

Hefnavefnið. Þessa könnun má taka einn oft og þú vilt. Hæsta einnunn glótt.

**Líkur könnun II** Breyta

Hefnavefnið. Þessa könnun má taka einn oft og þú vilt. Hæsta einnunn glótt.

**Líkur könnun III** Breyta

Hefnavefnið. Þessa könnun má taka einn oft og þú vilt. Hæsta einnunn glótt.

**Probability - Part Two : Compound P**  
Compound Probability

**Trial #1** **Trial #2**

3 Green Beans  
10 Total Beans

Verkefni frá Versló um líkur með svörum

**HJÁLPAEFNI FYRIR 3. LOTU**

**Myndbönd frá vendikennsla.is (Algebra)**

- Almennar reglur í algebru
- Einfalda stærðir
- Margfalda inn í sviga
- Bættun

**4.1 samlagning og frádráttur algebru**

**ALGEBRA**

$3x + 2x + x = 6;$

$2x + 12 + 11 + x = 4$

Mynd 15: Til hægri á síðunni er vísað í ýmis Youtube myndbönd til að ýta undir frekari skilning nemenda á námsefninu og sýna honum annað sjónarhorn sem og til útskýringa á hugtökum. Áhersla er að nota vönduð myndbönd frá vendikennsla.is.

Mynd 16: Frekari dæmi um uppbyggingu áfangans.

Hverri lotu fylgja tvö eða fleiri próf. Stundum eru æfingapróf sem eru hugsuð sem upprifjun á efni fyrri ára svo nemandi geri sér grein fyrir getu sinni og hverjar forkröfur áfangans eru. Síðan kemur könnun I sem eru létt dæmi úr efni lotunnar og nemandi má taka prófið eins oft og hann vill þar sem aðeins hæsta einkunn er metin. Nemandi getur byrjað að æfa sig strax og lotan hefst. Síðan er könnun II sem nemandi má taka mest tvisvar og meðatal gildir. Tilgangurinn er að nemandi taki ekki þetta próf fyrr en hann hefur lokið við lotuna.

Þessi próf geta ekki nema að litlu leyti metið hæfni nemandans en gefa kennara hugmyndir um stöðu nemandans. Því verður eftir sem áður að meta nemanda með prófum í skólanum þar sem krafist er t.d. ályktana. (Ekki er hægt að vera viss um að nemandi vinni sjálfur og óstuddur þessar kannanir).